



2. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 15. janúar 1993.

Mætt voru: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigbjörn Björnsson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Kristmundur Halldórsson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Ágúst Oddsson og framkvæmda stjóri L.H. Sigurður Þórhallsson.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til starfa á nýju ári.

## 1. Skipun í starfsnefndir L.H. 1992-93.

Eftirtalin voru tilnefnd í **mótanefnd** L.H.:

Sigbjörn Björnsson formaður,

Elísabet P. Þórólfsdóttir, Halldór Gunnarsson, Pétur J. Hákonarson, Haraldur Haraldsson.

Í **ferða og umhverfisnefnd** voru eftirtalin tilnefnd:

Stefán Bjarnason formaður.

Óttar Kjartansson, Valgerður Gísladóttir, Guðrún Fjeldsted, Lárus Bragason.

Í **Skógarhólanefnd** voru tilnefndir:

Gunnar B. Gunnarsson formaður, Ásgeir Guðmundsson, Kristján Auðunsson.

Í **keppnisnefnd** voru tilnefnd:

Ágúst Oddsson formaður, Kolbrún Kristjánsdóttir, Olil Amble, Eyjólfur Ísólfsson, Kristbjörg Eyvindsdóttir.

Til vara: Ragnar Petersen, Þorvaldur Sveinsson.

Fundurinn frestar að tilnefna í nefnd samkvæmt þingskjali 15, en landsþing L.H. samþykkti tillögu þess efnis að stjórnin skipi nefnd til að láta semja námsskrá í reiðkennslu. Stjórnin felur skrifstofunni að afla upplýsinga um hvað aðrir aðilar eru að gera í þessu máli og framkvæmdastjóri L.H. kynni stöðuna á næsta fundi stjórnar.

Í **reiðveganefnd** voru tilnefndir:

Sigfús Guðmundsson formaður, Sigurður Ingimarsson, Ármann Gunnarsson.

## 2. Landsdómararáðstefna á Hólum í Hjaltadal 29.-31. janúar.

Búið er við 25-30 landsdómurum á þessa ráðstefnu. Hólaskóli leggur til kennara og mun greiða ferðakostnað með styrk úr Framleiðnisjóði. Uppihaldskostnaður á Hólum pr. mann er áætlaður kr. 6.000.-

Fundurinn ákvað að L.H. greiddi helming þessa kostnaðar eða kr. 3.000 fyrir hvern þátttakanda.

## 3. Hesturinn okkar.

Formaður reifaði málefni Hestsins okkar. Í máli hans kom fram að nokkrir aðilar höfðu sýnt því áhuga að gefa út blaðið. Á fundi stjórnar L.H. 20.11.92.

var tilnefndur vinnuhópur til að athuga málefni þessarar útgáfustarfsemi. Í þessum vinnuhóp voru Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson og Sigfús Guðmundsson. Fundurinn ákvað að þessir þrír stjórnarmenn L.H. haldi starfi sínu áfram og fari í viðræður við Kára Arnórsson og Gunnar Gunnarsson varðandi útgáfu á Hestinum okkar, en þessir aðilar hafa sýnt því áhuga að standa að útgáfunni saman. Fundurinn gerir ráð fyrir að á næsta stjórnarfundum liggi fyrir tillaga varðandi þessa útgáfu.

**4. Samstarfsfundur L.H. og HÍS.**

Í desember s.l. var haldinn fundur stjórnarmanna frá L.H. og HÍS. Þar var rædd kostnaðarþátttaka HÍS í skrifstofurekstri L.H. Í samningi L.H. og HÍS frá 1. júní 1991 er gert ráð fyrir því að HÍS greiði kr. 1.200.000 á árinu 1992 í rekstri skrifstofunnar. Fram kom ósk frá stjórn HÍS á fyrrnefndum fundum um að upphæðin lækki í kr. 900.000 og felst stjórn L.H. á þessa beiðni.

**5. Ráðning sérmenntaðs starfskrafts v. reiðvegaáætlunar.**

Sigurður Þórhallsson kynnti þetta mál. Kom fram í máli hans að Vegagerðin er tilbúin að greiða kr. 800.000 vegna vinnu við reiðvegaáætlun fyrir L.H. Miklar umræður urðu um mál þetta. Rætt var um fjármögnun á hluta L.H. í gerð þessarar áætlunar. Áriðandi er að stjórnin vinni ötullega að því að finna heppilega aðila til þess að vinna að gerð reiðvegaáætlunar fyrir landið í heild samkvæmt samþykkt síðasta landsþings. Æskilegt er að þessi ráðning sé gerð í fullu samráði við Vegagerð ríkisins. Þá er nauðsynlegt að L.H. og Vegagerðin í sameiningu semji glögga skilgreiningu á því hvað eigi að felast í starfi sérmenntaðs starfskrafts sem tekur að sér umrætt verkefni þ.e. gerð reiðvegaáætlunar.

**6. Æskulýðsstarf og æskulýðsnefnd.**

Nokkrar umræður urðu um þennan málaflokk sem stjórnin telur afar mikilvægan. Fundurinn ákvað að auglýsa starf æskulýðsfulltrúa L.H. og HÍS en samböndin standa bæði að ráðningu hans.

Þá skipaði stjórnin eftirtaldir í æskulýðsnefnd L.H.:

Kolbrúnu Kristjánsdóttur, Eydís Indriðadóttur, Valgerði Gísladóttur.

Af hálfu HÍS eru í nefndinni, Rósemarie Þorleifsdóttir, Elín Magnúsdóttir.

Framkvæmdastjóri L.H. mun kalla nefndina saman. Stjórn L.H. mun setja nefndinni erindisbréf.

**7. Erindi Hólaskóla.**

Þetta erindi skólans er umsókn til L.H. um styrk vegna markaðskönnunar fyrir íslenska hestinn. Markmið þessarar athugunar er að kanna markað íslenska hestsins innanlands og utan. Stjórn L.H. samþykkir að veita Hólaskóla styrk að upphæð kr. 25.000 og límmissett.

Tölvudisk með nöfnum félagsmanna í L.H. er ekki hægt að láta út af skrifstofunni. Stjórn L.H. fagnar framtaki skólans hvað þetta verkefni varðar.

**8. Umsögn um þingsályktunartillögu frá Alþingi.**

Allsherjarnefnd Alþingis sendir L.H. til umsagnar þingsályktunartillögu um kynningu á ímynd Íslands erlendis.

Stjórn L.H. fagnar því að fá slíkt erindi frá Alþingi Íslendinga og felur

Kristmundi Halldórssyni fyrir hönd stjórnarinnar að rita allsherjarnefnd bréf í samráði við formann L.H.

**9. Héraðsdómur - lausaganga búfjár.**

Þetta mál kemur inn til stjórnar vegna beiðni frá bónda í Árnessýslu sem þurfti að aflífa hross sitt eftir að bíll hafði ekið á það. Málið snýst um það að ökumaðurinn var sýknaður af kröfu um skaðabætur og tryggingafélag hans af kröfum bóndans. Stjórn L.H. mun fylgjast með þessu máli og öðrum slíkum sem upp kunna að koma.

**10. Fundur með félögum á Suðurlandi vegna Landsmóts 1994.**

Stjórn L.H. mun innan tíðar boða til fundar með hestamannafélögum þeim sem standa að landsmóti hestamanna á Suðurlandi 1994. Samkvæmt reglum L.H. um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta ber stjórninni að hafa forgöngu um undirbúning landsmóta.

**11. Önnur mál.**

Kristmundur Halldórsson sagði frá bréfaskriftum við danska íslandshestaeigendur sem hyggjast taka þátt í móti í Póllandi í sumar að kynna íslenska hestinn. Stjórnin samþykkti að sambandið legði fram upplýsingaefni í samráði við framkvæmdastjóra L.H.

Fundur hófst kl. 14:30 og lauk kl. 19:20.

Halldór Gunnarsson  
Sigfús Guðmundsson  
Sigbjörn Björnsson  
Kolbrún Kristjánsdóttir  
Jón Bergsson

Guðmundur Jónsson  
Guðbrandur Kjartansson  
Ágúst Oddsson  
Kristmundur Halldórsson